


# Skýrsla um “Grænt bókhald” hjá Stjörnugrís hf.

2005



## Efnisyfirlit:

	bls.
1. Yfirlýsing stjórnar .....	2
Frávik á sviði umhverfismála	
Undirritun stjórnar félagsins	
2. Staðfesting endurskoðanda .....	4
Staðfesting og áritun PWC	
3. Almennar upplýsingar .....	5
Starfsleyfishafi, gildistími og eftirlit	
Stjórn félagsins	
4. Umhverfisstefna Stjörnugrís hf. ....	6
5. Lykiltölur um umhverfismál .....	7
Hráefnis og auðlindanotkun	
Framleiðsluferill starfseminnar	
Hráefni, auðlindir, orka og úrgangur	

# Skýrsla um “Grænt bókhald” hjá Stjörnugrís hf.

## 1. Yfirlýsing stjórnar:

### Frávik á sviði umhverfismála 2005.

Árið 2005 var betra ár í framleiðslu á svínakjöti en árið á undan. Verðin hækkuðu og framboð á svínakjöti náði loks jafnvægi.

Hjá Stjörnugrís hf. jókst sala á framleiðslunni um 31 % í krónum talið á milli áranna 2004 og 2005. Rekstrarleg útkoma var eftir væntingum miðað við aðstæður og tókst fyrirtækinu að ná sínum markmiðum. Hér er helst að þakka hagkvæmum innri rekstrarskilyrðum, aðhaldssemi og sparnaði. Í framleiddu magni jókst framleiðslan u.þ.b. 1 % milli áranna.

Á sviði umhverfismála hafði þetta þau áhrif að fóðurnotkun jókst ekki á milli ára. Vegna betri nýtingar og aukins aðhalds í rekstri var önnur hráefnisnotkun s.s. orka, olíunotkun sú sama en vatnsnotkun töluvert minni en á árinu á undan. Urðun líkamsleifa var svipuð og árinu á undan en losun seyru (saur og hland) minnkaði á milli ára.

Allt frá byrjun starfseminnar hefur verið miðað við þauleldi á fráfarugrísnum og er öll framleiðsla og tækjabúnaður óbreyttur frá upphafi. Á Melum er nú öll starfsemi miðuð við þauleldi á grísum frá 7-100 kg. Allur tækjubúnaður sem notaður er við fóðrun dýranna er vel viðhaldið og engar stórvægar bilanir eða óhöpp komið upp á. Góð staðbundin þekking á gangvirkni búnaðar er til staðar.

Ekki er vitað um nein tilfelli um mengunaróhöpp og hafa engar athugasemdir frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands borist á árinu.

Verulegar breytingar eða uppfærslur á tækjubúnaði hafa ekki verið framkvæmdar frá því að Stjörnugrís hf. hóf starfsemi sína á Melum þó svo að alltaf sé verið að leita leiða við að nýta orkugjafa sem best og finna sparnaðarleiðir.

Búið notar kalt vatn frá eigin vatnsbóli í landi Narfastaða í Melasveit. Vatnsleiðslan er um 5 km. löng frá brunninum. Ekki er vitað nákvæmlega um heildarnotkun á köldu vatni sem nýtt er hverju sinni. Hægt er þó að áætla það nokkurn veginn út frá þeirri staðreynd að grís frá 7 til 100 kg. drekkur að meðaltali 5 lítra af vatni á dag. Samkvæmt því þá er notkun á köldu vatni fyrir þauleldið u.þ.b. 15,4 milljónir lítra á ári. Við þetta bætist síðan neysluvatn fyrir starfsmenn sem eru 3 – 4 hverju sinni. Á árinu var skipt út vatnsnipplum á svínabúinu og stað þeirra settar upp drykkjarskálar. Má áætla að með þessari aðgerð hafi vatnsnotkun dregist saman um allt að 30 % og sama má segja um magn seyru.

Hræ svína sem drepast og þeirra sem þarf að aflífa á eldistímanum eru keyrð í gámum á viðurkennda urðunarstöð Sorpu í Álfsnesi í Reykjavík. Losun seyru á sér stað á vorin og

haustin samkvæmt starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og fer losun fram á landssvæði í eigu félagsins.

Stjórn fyrirtækisins staðfestir hér með upplýsingar sem fram koma í skýrslu þessari.

Vallá, 15. júní 2006

Fh. stjórnar Stjörnugrís hf;

  
Geir Geirsson  
Kt: 240271-4199

 **STJÖRNUGRÍS HF**  
VALLÁ, KJALARNESI • 116 REYKJAVÍK  
SÍMAR 566-6110 • 586-8283  
FAX: 586-8284 • KT. 600667-0179

## 2. Staðfesting endurskoðanda.

### Staðfesting og áritun skýrslunnar.

### Áritun endurskoðanda.


Við höfum endurskoðað tölulegar upplýsingar í skýrslu um grænt bókhald fyrir Stjórnugrís hf. fyrir árið 2005 sbr. 10 gr. reglugerðar nr. 851/2002.

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingarnar sem koma fram í græna bókhaldinu. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að tölulegar upplýsingar í grænu bókhaldi Stjórnugrís hf. fyrir árið 2005 séu í samræmi við upplýsingar í fjárhagsbókhaldi þess.

Reykjavík 25. maí 2005

**PricewaterhouseCoopers hf**



---

Gunnar Þór Ásgéirsson  
Lögiltur endurskoðandi

### **3. Almennar upplýsingar.**

#### **Starfsleyfishafi, gildistími og eftirlit.**

Starfsleyfishafi er Stjörnugrís hf. Melum, Leirár- og Melahreppi, 301 Akranesi kt. 600667 - 0179.

Útgefandi starfsleyfis fyrir Stjörnugrís hf. er Helbrigðiseftirlit Vesturlands og er útgáfudagur leyfisins 29. október 2003 og gildir það til 29. október 2007.

Eftirlitsaðili er sá sami og útgefandi starfsleyfis.

Númer fyrirtækjaflokks samkvæmt fylgiskjali með reglugerðinni er: **6.6. liður b.**

#### **Í stjórn Stjörnugrís hf. sitja eftirfarandi aðilar:**

Geir Gunnar Geirsson Vallá, 116 Reykjavík kt. 070845 - 2619

Hjördís Gissurardóttir Vallá, 116 Reykjavík kt. 171250 - 2269

Geir Gunnar Geirsson Byggðarholti 20, 270 Mosfellsbær kt. 240271 - 4199

Tímabilið sem upplýsingar varðandi “Grænt bókhald” ná yfir er reikningsárið 2003, 2004 og 2005.

Starfsemi fyrirtækisins er svínarækt og er svínabú fyrirtækisins að Melum með stæði fyrir 8400 alisvín frá 30 – 100 kg. Með því að auka þekkingu og skilning starfsmanna, og með stöðugum umbótum í umhverfismálum, stefnir Stjörnugrís hf. að því að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið, hámarksnýta hráefni (fóður, orku og vatn bæði heitt og kalt) og minnka úrgang (seyra og líkhamsleifar) eftir því sem frekast er unnt.

Þessir þættir starfseminnar verða þungamiðja upplýsingaöflunar okkar fyrir “Grænt bókhald” fyrirtækisins í framtíðinni. Það er stefna Stjörnugrís hf. að allir þættir í starfsemi fyrirtækisins séu í fullri sátt við umhverfi sitt. Fyrirtækið umgengst auðlindir og umhverfi af ábyrgð og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem gilda. Við stefnum að hámarksnýtingu hráefna og orkugjafa. Við losun úrgangs er þess fyllilega gætt að hann valdi ekki skaða í náttúru eða umhverfi. Starfsmenn fyrirtækisins eru meðvitaðir um umhverfisstefnu þess og framfylgja henni í samráði við stjórnendur og eigendur fyrirtækisins.

Haldið var áfram að planta nokkur hundruð asparttrjám á Melum á árinu, umhverfinu til sóma.

Stjörnugrís hf. vill vera umhverfisvænt fyrirtæki. Með því tekur það þátt í þeirri ábyrgð að skila heilbrigðu umhverfi til næstu kynslóða. Tilgangur með umhverfistefnu og “Grænu bókhaldi” okkar er fjórþættur:

- Lágmarka losun á óæskilegum úrgangi frá vinnslunni út í umhverfið.
- Auka nýtingu vatns og orku t.d. með innlendum orkugjöfum.
- Bæta hráefnisnýtingu eftir því sem kostur er (t.d. fóður og vítamín)
- Að vera snyrtilegur starfsvettvangur sem sé umhverfinu, eigendum og starfsmönnum okkar til sóma.

#### **4. Almenn um umhverfisstefnu Stjörnugrís hf.**

Við hjá Stjörnugrís hf. munum kappkosta að fylgjast með breytingum á lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál. Við munum fræða, þjálfa og hvetja alla starfsmenn okkar til að vinna verk sín á umhverfisvænan hátt ásamt því að vakta og stýra mikilvægum umhverfisþáttum til að lágmarka óæskileg umhverfisáhrif af völdum starfseminnar.

Við ætlum okkur að framkvæma þetta m.a. með því að:


- Vinna stöðugt að bættri nýtingu orku og hráefna
- Lágmarka loftmengun og rykmengun eins og kostur er.
- Lágmarka magn líkamsleifa sem fara til urðunar.
- Lágmarka hættu á jarðvegmengun af völdum úrgangs s.s. saur, hland og líkamsleifa.

Jafnframt þessu munum við taka fullt tillit til umhverfisáhrifa þegar eftirfarandi þættir starfseminnar fara fram:

- Val á nýjum framleiðsluferlum.
- Vöruþróun og markaðssetningu afurða okkar.
- Innkaup á hráefnum til framleiðslunnar.
- Sölu afurða til viðskiptavina.
- Framkvæmdir við viðhald og nýbyggingar á staðnum
- Færa grænt bókhald og birta í ársskýrslu fyrirtækisins.
- Endurskoða umhverfisstefnuna reglulega með úrbætur í umhverfismálum að leiðarljósi.

## 5. Lykiltölur um umhverfismál – Hráefnis- og auðlindanotkun.

Framleiðsluferill starfseminnar er í stórum dráttum þessi:



Bjarnastaðir: Framleiðsla smágrísa.  
Vallá á Kjalarnesi: Framleiðsla smágrísa.  
Sléttaból á Skeiðum: Framleiðsla smágrísa.  
**Melar í Melasveit:** Grísaeldi 7 – 100 kg.  
Saltvík á Kjalarnesi: Sláturhús og höfuðstöðvar fyrirtækisins.

### Hráefni, auðlyndir, orka og úrgangur:

Eftirfarandi upplýsingar eru m.a.fengnar úr bókhaldi félagsins fyrir 2005 í samanburði við sambærilegar upplýsingar fyrir árið 2004, 2003 og 2002.

Hér koma upplýsingar um meginnotkun fyrirtækisins á hráefnum, orku, jarðhitavatni og köldu vatni á bókhaldstímabilinu sbr. 7 gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Þá er enn fremur hér að finna tölulegar upplýsingar um urðun líkamsleifa og losun úrgangsefna (seyra). Allar upplýsingar eru gefnar upp í stöðlum (vísitölu) þar sem grunnár er 2002 (Staðall = 100)

	Staðall 2002	Staðall 2003	Staðall 2004	Staðall 2005	Aukning 2004/2005
<b>Velta í kg. :</b>	100	110	115,3	115,7	0,3%

### Hráefni:

Fóðurnotkun: 100 109,4 117,9 118,8 0,7%

Samsetning fóðurs:

- Bygg
- Hveiti
- Soja
- Fiskimjöl
- Fita
- Vítamín

frh.

	<b>Staðall 2002</b>	<b>Staðall 2003</b>	<b>Staðall 2004</b>	<b>Staðall 2005</b>	<b>Aukning 2004/2005</b>
Olía í lítrum	100	98,1	90,5	90,3	- 0,2%
Raforka:	100	89,3	85,9	85,6	- 0,3%
Jarðhitavatn:	-	-	-	-	
 Kalt vatn	 100	 100	 100	 70	 - 30%
 <b>Úrgangsefni:</b>					
Seyra (saur & hland)	100	110,1	115,4	98,1	- 15%
Líkamsleifar	100	109,9	115,2	115,5	0,2%